

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2022

2022/EES/61/05

frá 29. apríl 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1891 frá 26. október 2021 um breytingu á XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1925 frá 5. nóvember 2021 um breytingu á tilteknum viðaukum við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar kröfur um setningu tiltekinnna skordýraafurða á markað og aðlögun afmörkunaraðferðar ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32021 R 1891**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1891 frá 26. október 2021 (Stjttíð. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 84),
- **32021 R 1925**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1925 frá 5. nóvember 2021 (Stjttíð. ESB L 393, 8.11.2021, bls. 4).“

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2021/1891 og (ESB) 2021/1925, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 84.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 393, 8.11.2021, bls. 4.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.